

5. Á 61. kafla:

Undirliður 6116.10 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 6116.1001. og 6116.1009.

Tollskrárnúmer og tolltaxtar verði svohljóðandi:

		A	E
		%	%
-	Hanskar, gegndreyptir, húðaðir eða hjúpaðir með plasti eða gúmmí:		
6116.1001 --	Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994	0	0
6116.1009 --	Annars.....	15	0

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 107

14. júlí 1995

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 14. júlí 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 108

28. ágúst 1995

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í gær. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 28. ágúst 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.